



359. Stjórnarfundur haldinn 07. október 2010 kl:17:00

Mættir: Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolffson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá ISI v/ tilkynningar á opnun á skráningu í ferðasjóð ÍSÍ. Skilafrestur er 10. janúar 2011. *Framkvæmdastjóra falið að koma þessu til deilda.*

3. Send bréf.

Engin.

4. Nýja félagsheimilið að Sunnubraut.

EH skýrði frá að skrifstofuhúsgögnin væru komin en borðin og stólarnir í salinn kæmi til landsins 12. okt. og til okkar væntanlega 15. okt. EH flutti á mánudag og þriðjudag 4. og 5. október. Full starfsemi var svo á miðvikudaginn 6. október. Farið yfir stöðu mála varðandi félagsaðstöðuna. Umræður um bikaraskápa. *Framkvæmdastjóra falið að láta útbúa logó félagsins og láta setja það upp fyrir ofan svalirnar, einnig að kanna með að merkja Keflavík fyrir ofan stiga þegar gengið er út. Framkvæmdastjóri hefur heimild til að fá kaffikönnu í eldhús.*

Ákveðið að vera með formlega opnun á félagsheimilinu 19. október kl. 19:00.

Öllu stjórnarfólki boðið og er heimilt að taka með sér maka.

Framkvæmdastjóra falið að tala við Axel Jónsson með veitingar og þá bræður Baldur og Júlíus Rúnarssyni um að vera með létt tónlistaratriði.

5. Jólblað Keflavíkur.

EH skýrði frá því að nú færi vinna við jólblaðið á fullt. Umræður um hver skildi vera í opnuviðtali. Ákveðið að óska eftir því við Önnu Maríu Sveinsdóttur. Blaðið kæmi væntanlega út um miðjan desember.

6. Önnur mál.

Fimleikadeildin hefur ákveðið að nota landsmótspeysurnar sem upphitunarpeysur.

Fara að huga að lögum félagsins.

Sambandsráðsfundur UMFÍ tillögur.

Fundur fulltrúa UMFÍ með aðildarfélagum.

EH tók við þakklætisvott frá knattspyrnudeildinni á lokahófi þeirra.

EH var viðstaddur 10 ára afmæli taekwondodeildar og færði þeim kveðju stjórnar ásamt blómvendi. Taekwondodeildin heiðraði EH ásamt nokkrum öðrum einstaklingum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:45

Fundinn ritaði BI

